

Svar

dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá Gísla Rafni Ólafssyni um kostnað vegna aðgerða gegn kynferðisbrotum.

Við vinnslu fyrirspurnarinnar var óskað eftir upplýsingum frá embætti ríkislögreglustjóra og eru eftirfarandi svör unnin í samráði við embættið.

1. *Hver má ætla að verði árlegur heildarkostnaður við rekstur þjónustugáttar fyrir þolendur kynferðisbrota hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu, sem opnuð var í desember 2021?*

Þjónustugátt lögreglunnar er samstarfsverkefni lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og ríkislögreglustjóra. Kostnaður við fyrstu útgáfu þjónustugáttar fyrir þolendur (mitt.logreglan.is) sem opnuð var í desember 2021 er 6,75 millj. kr. Aætlaður kostnaður við aðra útgáfu þjónustugáttar með aðgengi fyrir þolendur hjá öllum lögregluembættunum, sjálfvirkri skráningu málsgagna og speglun upplýsinga um úrræði og réttarvörslukerfið fyrir ofbeldisgátt 112 er 15 millj. kr.

2. *Hver var kostnaður við herferð Neyðarlínunnar gegn kynferðislegu ofbeldi og áreitni sem bar heitið „Verum vakandi“?*

Neyðarlínan fékk styrk frá dómsmálaráðuneytinu að fjárhæð 20 millj. kr. vegna vitundarvakningar gegn kynferðisofbeldi. Mótframlag Neyðarlínunnar var þar að auki 5 millj. kr.

3. *Hver var árlegur kostnaður við eitt stöðugildi lögreglumanns í kynferðisbrotadeild lögreglu árin 2017–2021?*

Starfsmenn kynferðisbrotadeilda lögreglu eru í starfsstigi rannsóknarlögreglumanna eða lögreglufulltrúa. Launakjör þeirra fara samkvæmt kjara- og stofnanasamningi lögreglumanna. Við mat á árlegum kostnaði við eitt stöðugildi í kynferðisbrotadeild er hentugast að horfa á meðallaunakostnað á hvert stöðugildi í deildinni að viðbættum starfsmannatengdum kostnaði, svo sem vegna afleysinga, veikinda, búnaðar, fæðis o.fl., sem alla jafna er um 20% af launkostnaði á hverju ári.

Hér má sjá umbeðnar kostnaðartölur fyrir árin 2017–2021:

| | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 |
|---|-------------------|-------------------|-------------------|-------------------|-------------------|
| Launakostnaður með launatengdum gjöldum | 10.605.990 | 11.543.824 | 12.115.0009 | 12.806.063 | 13.585.755 |
| Annar starfsmannatengdur kostnaður | 2.121.198 | 2.308.765 | 2.423.002 | 2.561.213 | 2.717.151 |
| Samtals | 12.727.188 | 13.852.589 | 14.538.011 | 15.367.276 | 16.302.906 |